

**Ed. 138. Frumvarp til laga [134. mál]**

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

A-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga skal dráttur í happdrættinu fara fram mánaðarlega, fyrst 10. janúar og síðan 5. hvers mánaðar. Að mati happdrættisstjórnar er talið að tíminn frá áramótum, þegar sala og endurnýjun happdrættismiða hefst að marki, og fram að 10. janúar sé of naumur. Er talið brýnt að rýmka þann tíma sem er til sölu og endurnýjunar miða eftir áramót. Er lagt til að dagsetning dráttar verði eigi bundin í lögum heldur verði kveðið á um það efni í reglugerð fyrir happdrættið, og þar tekið tillit til þarfa happdrættisins.